



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Alþingi
Erindi nr. P/37/211
komudagur. 16.6.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. júní 2009.

Efni: Umsögn um tillögur til þingsályktunar er varða umsókn um aðild að Evrópusambandinu, 38. og 54. mál.

Utanríkismálanefnd Alþingis hefur farið þess á leit að Sjómannasamband Íslands gefi umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu, 38. mál og tillögu til þingsályktunar um undirbúning mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu, 54. mál.

Rétt er að geta þess í byrjun að það er almenn skoðun innan Sjómannasambands Íslands að fái Ísland ekki undanþágu frá hinni sameiginlegu sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins muni aðild skaða íslenskan sjávarútveg og þar með hagsmuni sjómanna. Hins vegar telur sambandið nauðsynlegt að umræðunni um aðild eða ekki aðild fari að ljúka í eitt skipti fyrir öll. Því er væntanlega ekki um annað að ræða en að fara í aðildarviðræður til að sjá svart á hvítu hvað er í boði.

Varðandi þær tillögur til þingsályktunar sem liggja fyrir tekur Sjómannasamband Íslands ekki sérstaklega afstöðu með annarri tillögunni. Efnislega eru þær mjög keimlíkar og treystir sambandið Alþingi til að sjóða saman úr þeim eina ásættanlega tillögu fyrir sem flesta. Sjómannasamband Íslands leggur þó áherslu á að áður en gengið er til aðildarviðræðna við Evrópusambandið verði samningsmarkmiðin varðandi yfirráð yfir auðlindum landsins skýrt afmörkuð.

Varðandi samningsmarkmiðin leggur Sjómannasamband Íslands áherslu á að Ísland hafi fullt forræði á því að semja um veiðar og hlutdeild úr flökkustofnum/deilistofnum. Auk þess þarf að vera skýrt að Ísland hafi rétt til að veiða og nýta sjávarspendýr innan lögsögunnar. Jafnframt þarf að tryggja fullt forræði Íslands yfir auðlindinni innan lögsögunnar þegar til lengri tíma er litið gerist landið aðili að Evrópusambandinu. Sé ekki tryggt að Ísland hafi fullt forræði yfir fiskimiðum sínum og fullt samningsfrelsi varðandi flökkustofna um ófyrirsjáanlega framtíð telur Sjómannasamband Íslands að ekki komi til greina að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu.

Varðandi afstöðuna til viðræðna um aðild að Evrópusambandinu er jafnframt vísað til ályktunar sem samþykkt var á 26. þingi Sjómannasambands Íslands, sem haldið var dagana 4. og 5. desember síðastliðinn, en þar segir:

„Í kjölfar hruns íslensku bankanna og hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu sem nú geysar hefur krafan um að Ísland gerist aðili að ESB orðið sífellt háværari. Í þeirri kröfu virðist megin

Þunginn vera vegna stöðu krónunnar og kröfu um að skipt verði um gjaldmiðil. Vissulega þarf að skoða kosti þess og galla fyrir íslenska þjóð að ganga í ESB. Sjávarútvegur er einn mikilvægasti atvinnuvegur þjóðarinnar og hlýtur hann því að vega þungt þegar kostir og gallar aðildar að ESB eru skoðaðir. Sjávarútvegsstefna ESB miðast við að sjávarútvegurinn sé jaðaratvinnuvegur en ekki einn aðal atvinnuvegur heillar þjóðar eins og við á um íslenskan sjávarútveg. Verði farið í viðræður um aðild að ESB gerir 26. þing Sjómannasambands Íslands þá kröfu að skilyrt verði að Ísland hafi fullt forræði yfir auðlindunum og fullt samningsumboð varðandi deilistofna. Verði þessi skilyrði ekki hluti af samningskröfu Íslands hafnar 26. þing Sjómannasambands Íslands aðildarviðræðum.“

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson